



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Norðurþingi

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 124 samkvæmt samningum

Starfsmannafélags Húsavíkur, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum,

samtals: **1. 910 kr.**

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi

viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Eða **161.045 kr.**
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **241.568 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða



fullt tímakaup starfsmanns.

7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3.gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4.gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun ríkisins **kr. 23.411** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 1.910.- frá 01.01.2012.

Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:



Gjaldflokkur:

Allt að 161.045 kr pr. mán	0 kr/klst
Á bilinu 161.045 – 242.237 kr/mán	636 kr/klst
Á bilinu 242.238 – 283.694 kr/mán	955 kr/klst
Yfir 283.694 kr/mán	1.910 kr/klst

Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 242.237 kr/mán	0 kr/klst
Á bilinu 242.237 – 322.175 kr/mán	636 kr/klst
Á bilinu 322.176 – 367.602 kr/mán	955 kr/klst
Yfir 367.602 kr/mán	1.910 kr/klst

Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrisþega er svo 194.191 pr. mán